



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Málefnasvið: Skatta- eigna- og fjármálaumsýsla
Skrifstofa stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu,
101 Reykjavík
fjr@fjr.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 6. mars 2024

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um opinber innkaup, mál nr. S-50/2024

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingar á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir „OIL“), mál nr. S-50/2024 (hér eftir „áformin“). Áformað er að ráðast í afmarkaðar breytingar á lögum um opinber innkaup sem miða að því að samræma túlkun laganna við EES-rétt en breytingunum er jafnframt ætlað að tryggja að regluverk opinberra innkaupa styðji við stefnu hins opinbera í málaflokknum. Tekið er fram í samráðsskjali að breytingarnar séu nauðsynlegar til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda og til þess að tryggja að regluverkið stuðli að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur. Málið var birt í samráðsgátt stjórnvalda 21. febrúar 2024.

Samtökin telja framkomin áform almennt jákvæð en vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

Breytingar á 65. gr. OIL um opnun tilboða skv. áformunum.

Samkvæmt áformunum er stefnt að breytingu á 65. gr. OIL til að mæta þeirri þróun sem hefur átt sér stað við rafræna framkvæmd útboða og opnun tilboða. Samtökin fagna væntanlegum breytingum en vilja koma á framfæri mikilvægi þess að verkkaupum verði gert skylt að tryggja bjóðendum þann möguleika að vera viðstadda opnun tilboða hvort sem tilboð eru lögð fram með rafrænum aðferðum eða með öðrum hætti. Með rafrænni framkvæmd útboða hefur borið á því að undanförunum misserum að verkkaupar hafa ekki talið sér skylt að tryggja bjóðendum möguleika á því að vera viðstadda opnun tilboða en slíkt elur á tortryggni bjóðenda gagnvart útboðsferlinu. Með því að tryggja bjóðendum möguleika á að vera viðstadda opnun tilboða, hvort sem tilboð hafa verið framkvæmd með rafrænum hætti eða ekki, má auka gagnsæi og traust á útboðsferlinu. Einfalt er að tryggja slíka möguleika til viðveru með tæknilausnum á borð við Teams eða Zoom.

Samtökunum hafa þá einnig borist athugasemdir félagsmanna þar sem gerðar eru athugasemdir við skort á upplýsingagjöf einstakra opinberra verkkaupa í kjölfar opnun tilboða þeirra þar sem niðurstöður útboða eru birtar seint eða alls ekki. Að mati samtakanna er um auðleyst vandamál að ræða þar sem opinberum verkkaupum verður gert að birta eða auglýsa niðurstöður útboða á þeirra vegum samhliða eða strax í kjölfar opnun tilboða með einföldum hætti. Tækar leiðir til slíkra auglýsinga væri t.a.m. upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu viðkomandi eða með tölvupósti til allra tilboðsgjafa um niðurstöður útboða. Líkt og á við um rafræna opnun tilboða sem að framan greinir myndi slík upplýsingagjöf auka á gagnsæi útboðsferlisins og um leið traust tilboðsgjafa á því.


Breytingar á 88. gr. a. um keðjuábyrgð og 90. gr. um breytingar á samningi á gildistíma.

Samtökin fagna framkomnum áformum um breytingu á ákvæðum 88. gr. a. OIL um keðjuábyrgð og 90. gr. OIL um breytingar á samningi á gildistíma hans. Samtökin, ásamt Samtökum verslunar og þjónustu, tóku saman umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál, 21. febrúar 2019, þar sem samtökin gerðu ýmsar athugasemdir við ákvæði laganna um keðjuábyrgð. Að mati samtakanna er endurskoðun lagaákvæða mikilvæg í þeirri viðleitni að tryggja góða framkvæmd þeirra. Samtökin vilja hins vegar árétta nauðsyn á aðkomu allra hagaðila við slíka endurskoðun og lýsa sig fús til aðkomu að mótun nýrra ákvæða með það markmið að leiðarljósi að tryggja góða framkvæmd þeirra.

Samtökin ítreka stuðning sinn við boðaða vinnu um breytingu á lögum um opinber innkaup og gera því ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum og athugasemdum hér með komið á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum þess, t.a.m. er frumvarp til breytinga á framgreindum lögum liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Sigurður Helgason,
lögmaður